

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps 57. fundur.

að Hlíðavegi 6, 26. maí 2005, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Ársreikningur 2004, fyrri umræða. Arnar Árnason, endurskoðandi mætir til fundarins.
3. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2005.
4. Umsókn um leyfi til upprekstrar á Austurafrétt.
5. Erindi landeigenda í Baldursheimi um að Skútustaðahreppur kaupi ríkisjörðina Heiði og endurselji landeigendum hana.
6. Ósk landeigenda í Vogum 1 um breytingar á aðalskipulagi.
7. Erindi Helluholts ehf þar sem óskað er eftir leyfi til að breyta notkun hússins Helluhrauni 9 úr íbúðahúsnæði í gistiheimili.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Þuríður Snæbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og lagði til að máli nr. 7 yrði bætt á dagskrá. Samþykkt samhljóða

### 2. Ársreikningur 2004, fyrri umræða. Arnar Árnason, endurskoðandi mætir til fundarins.

Arnar Árnason endurskoðandi fór yfir reikningum og svaraði spurningum sem til hans var beint.

Að umræðum loknum var reikningnum vísað til annarar umræðu.

### 3. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2005.

Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi tillögu að breytingum á fjárhagsáætlun:

liður	var	verður
00-01-0020 útsvör/staðgreiðsla	65.000.000-	72.000.000-
00-06-0010 fast.gjöld/álagning	20.000.000-	24.000.000-
31-95-7040 vextir af sk. við eigin fyrirt.	9.380.000-	16.038.000-

Samþykkt samhljóða.

### 4. Umsókn um leyfi til upprekstrar á Austurafrétt.

Landbúnaðarnefnd fékk málið sent til athugunar. Formaður nefndarinnar hafði samband við nefndarmenn, sem voru sammála um að ekki væri fært að verða við því að hluti fjár á Grímsstöðum 3 yrði rekinn á afrétt þar sem í gildi væri samningur milli ábúenda á Grímsstöðum 3 og Skútustaðahrepps þar sem ábúendur afsala sér beitarrétti á afrétti til 2010.

I kjölfarið hefur borist bréf frá Þóru Ottósdóttur og Erni Haukssyni, ábúendum á Grímsstöðum 3, þar sem þau óska eftir að verða leyst undan fyrrnefndum samningi.

Sveitarstjórn samþykkir að leysa ábúendur á Grímsstöðum 3 undan samningi um afréttarnot og fjallskil, gerðum í júní 2002 með gildistíma til 31. des. 2010.

### 5. Erindi landeigenda í Baldursheimi um að Skútustaðahreppur kaupi ríkisjörðina Heiði og endurselji landeigendum hana.

Sveitarstjóri hefur aflað sér upplýsinga um málið. Samkv. 35. gr. jarðalaga 81/2004 er heimilt að selja ríkisjarðir til sveitarfélaga.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu, enda nauðsynlegt ábúendum í Baldursheimi til að geta haldið suðfjárbúskap áfram. Ábúendur í Baldursheimi hafa um nokkurra ára skeið haft Heiði á leigu.

Böðvar Pétursson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

### 6. Ósk landeigenda í Vogum 1 um breytingar á aðalskipulagi.

Í erindinu er óskað eftir að tvær 2000 m<sup>2</sup> lóðir norðan Hraunborgar verði skipulagðar sem “frístundabyggð”. Lóðirnar munu verða í eigu Elínar og Jóhanns Kristjánsbarna samkv. landskiptasamningi sem fyrir liggur.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur sveitarstjóra að fara nánar yfir málið með landeigendum.

### 7. Erindi Helluholts ehf þar sem óskað er eftir leyfi til að breyta notkun hússins Helluhrauni 9 úr íbúðahúsnæði í gistiheimili.

Fyrirhugað er að leigja út 6 herbergi til ferðamanna fyrst um sinn, en bæta við 3 herbergjum síðar, þannig að alls verði 20 svefnpláss í húsinu.

Sveitarstjóra falið að láta fara fram grenndarkynningu í samræmið við lokamálsgrein 43 gr. skipulags- og byggingalaga sem hljóðar svo:

*“Þegar sótt er um leyfi skv. 1. mgr. í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi, sbr. 2. mgr. 26. gr., skal skipulagsnefnd fjalla um málið og láta fara fram grenndarkynningu áður en það hlýtur afgreiðslu byggingarnefndar. Grenndarkynning felst í því að nágrönnum, sem*

*hagsmuna eiga að gæta, er kynnt málið og gefinn kostur á að tjá sig innan ákveðins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar niðurstaða skipulagsnefndar liggur fyrir skal byggingarnefnd taka málið til afgreiðslu. Þeim sem tjáðu sig um málið skal tilkynnt um niðurstöðu skipulagsnefndar og byggingarnefndar. [Heimilt er skipulagsnefnd að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir því með áritun á uppdrátt að þeir geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd eða breytingu á deiliskipulagi, áður en fjórar vikur eru liðnar.]<sup>1)</sup>*

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Guðrún María Valgeirsdóttir,  
Þuríður Snæbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Birkir Fanndal Haraldsson,  
Böðvar Pétusson.